

One



Almennt

Heiti:	Sveitarstjórn Dalabyggðar - 160 (17.4.2018) - Sala eigna - Laugar og Sælingsdalstunga
Fyrirtæki:	Dalabyggð
Mál:	Sala eigna - Laugar í Sælingsdal
Númer:	1609021
Dagsetning fundar:	17.4.2018
Inngangur:	Dalabyggð barst þann 18. desember 2017 tilboð í húseignir Dalabyggðar og Dalagistingar efh að Laugum, 50% hlut Dalabyggðar í jörðinni Laugar og jörðina Sælingsdalstungu. Skv. tilboðinu er gert ráð fyrir að hlutar söluverðs verði til greiðslu 31.12.2019 (50 millj. kr.) á þriðja veðrétti og 31.12.2022 (150 millj. kr.) á öðrum veðrétti. Með tölvupósti dags. 21.12.2017 var fasteignasala tilkynnt um að Dalabyggð muni taka tilboðinu með nokkrum fyrirvörum m.a. að ekki bærast hagstæðara tilboð fyrir 30. desember 2017 og að skuldabréf vegna seinni greiðslna verði tryggt með 1. eða 2. veðrétti í öllum eignum. Ekki bárust hagstæðari tilboð og á fundi sveitarstjórnar 16. janúar var samþykkt að ganga til samninga að uppfylltum nokkrum fyrirvörum. Tilboðsgjafi féll frá fyrirvörum sínum 5. apríl 2018 en óskar jafnframt eftir að Dalabyggð færi skuldabréf sín á þriðja veðrétt.
Niðurstaða:	Samþykkt
Bókun	Til máls tóku: Sigurður Bjarni, Valdís. Lögð fram tillaga: Dalabyggð hefur ítrekað framlengt fresti tilboðsgjafa til að falla frá fyrirvörum um fjármögnun og rann fresturinn loks út 5. apríl sl. Sveitarstjórn setti það sem skilyrði fyrir að fresta greiðslum að skuldabréf vegna þessa væri tryggt með fyrsta eða öðrum veðrétti. Sveitarstjórn hafnar því að skuldabréf vegna greiðslna tilboðsgjafa verði neðar en á öðrum veðrétti og slítur viðræðum við tilboðsgjafa. Samþykkt í einu hljóði.
Ítarbókun	
Bókun:	